



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 143/973
komudagur 7.2.2014

Nefndasvið Alþingis

nefnadasvid@althingi.is

Málsnr: 201401-0227
Dags: 6. febrúar 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Eftirfarandi er umsögn Tollstjóra um frumvarp til laga um framkvæmdarvald stjórnsýslu ríkisins í héraði, 250. mál, lagt fyrir á Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014.

Tollstjóri telur breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu jákvæðar og tímabærar. Verði frumvarpið að lögum sér embættið tækifæri til enn betra samstarfs sýslumannsembætta og Tollstjóra á sviði innheimtu opinberra gjalda. Þá telur Tollstjóri að breytingin muni leiða til hagkvæmari, skilvirkari og samræmdari framkvæmdar við innheimtu skatta og gjalda.

Innheimta opinberra gjalda heyrir stjórnsýslulega undir fjármála- og efnahagsráðuneytið en öll önnur verkefni sýslumanna heyra undir innanríkisráðuneytið.

Nánari upplýsingar um innheimtu opinberra gjalda má finna í skýrslu ríkisendurskoðunar frá mars 2011.¹ Auk þess má benda á að í nýrri skýrslu nefndar um athugun á stjórnsýslu skattamála er fjallað um innheimtu á opinberum gjöldum.²

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen, tollstjóri

¹ http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/Innheimta_opinberra_gjalda.pdf.

² <http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/frettir/Stjornsysla-skattamala.pdf>